

**Fundargerð stjórnar BÍS 23/2014. miðvikudaginn 19. nóvember 2014 kl. 17.30,  
Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110 Reykjavík.**

Mættir:

Fríður Finna Sigurðardóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Jón Þór Gunnarsson, formaður alþjóðaráðs, Kristinn Ólafsson, formaður fjármálaráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs, Unnur Flygenring, formaður dagskrárráðs.

Fjarverandi: Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri, Bergþóra Sveinsdóttir, formaður ungmennaráðs og Gunnlaugur Bragi Björnsson, formaður upplýsingaráðs.

Dagskrá:

1. Setning: FFS setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar. Samþykkt með fyrirvara.
3. Skátaþing 2015  
Drög að dagskrá lögð fram. Mikilvægt að hafa gott rými fyrir umræður um lagabreytingar og einnig stefnumótun til 2020. Samþykkt að vinna í anda þess.
4. Yfirferð gagna frá heimsþingum WOSM og WAGGGS – framhald
  - a. Stefnu- og markmiðsáherslur stjórnar  
Bera saman WOSM áherslur og BÍS áherslur og forgangsraða. Nota WOSM sem útgangspunkt fyrir tillögu til skátaþings. Hallfríður Helgadóttir er að þýða WOSM áherslur sem eiga að vera klárar um helgina.
  - b. Verkefnaform  
Farið var yfir stöðu verkefna 2014. Næstu skref eru að hver stjórnarmaður fer yfir sín verkefni, fyllir inn í verkefnaformið og sendir á Hermann fyrir 26. nóvember.
5. Starfsáætlunargerð  
Næstu skref skref eru að hver stjórnarmaður fer yfir sín verkefni, fyllir inn í verkefnaformið og sendir á Hermann fyrir 26. nóvember.
6. Önnur mál
  - a. Endurvinnslan  
KÓ og HS áttu fund með Endurvinnslunni ehf þar sem lögð voru fram drög að samkomulagi. KÓ greindi frá helstu atriðum þar.

Fundi slitið kl. 20:15

Fundargerð ritaði JIB